

## Ræða utanríkisráðherra um efnahagsmál og aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Herra forseti,

Alþjóðleg fjármálakreppa skekur nú þjóðir heims sem kosta nú kapps um að forða því sem forðað verður undan kreppunni.

Staðreyndin sem við blasir er sú að fjármálakreppan ógnar flestum þjóðum og staðreyndin er líka sú að það er ekki hægt að takmarka tjónið af henni nema með alþjóðlegri samvinnu ríkja. Framundan er algjört endurmat alþjóðlegs fjármagnsmarkaðar og framundan er algjört endurmat íslensks fjármálakerfis. Við munum þar draga þunga lærdóma.

Hið efnahagslega gjörningaveður sem við Íslendingar förum nú í gegnum skellur á okkur með meiri þunga en aðrar þjóðir. Ástæðan er m.a. smæð þjóðarinnar, stærð fjármálakerfisins og takmarkaður varnarviðbúnaður. Má segja að efnahagskreppan sé í ætt við náttúruhamfarir sem hafa áhrif á öll heimili og fyrirtæki í landinu. Íslenskt fjármálakerfi hefur orðið fyrir miklu áfalli og afleiðingarnar eru fjárhagslegt tjón fyrir almenning, atvinnulíf og þjóðarþúið allt sem nemur hundruðum milljarða króna.

Verkefni stjórnvalda þessa dagana má líkja við björgunaraðgerðir á slysstað. Allra leiða er nú leitað til að tryggja greiðsluflæði til og frá landinu, útvega gjaldeyri svo hægt sé að greiða fyrir nauðsynjavörur og skjóta styrkari stöðum undir gjaldmiðilinn. Með þessu er stefnt að því að draga úr frekari búsigjum fyrir almenning og atvinnulíf í formi síhækkandi verðbólgu til framtíðar.

Það er í þessum tilgangi sem við höfum lagt á það höfuðáherslu undanfarnar vikur að ná samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn – til að ná því jafnvægi í gjaldeyrisviðskiptum þjóðarinnar sem er forsenda þess að við getum hafið endurreisnarstarfið hér í samfélaginu. Ekki eru allir á eitt sáttir um nauðsyn þess að leita til Alþjóða gjaldeyrissjóðsins sem hefur verið þekktur fyrir að setja ríkjum heims – ekki síst þróunarríkjum – harkaleg skilyrði um einkavæðingu og markaðsbúskap sem í mörgum tilvikum hefur ekki byggst á raunsæju mati á stöðu og getu viðkomandi ríkja.

Ég hef ekki verið neinn sérstakur aðdáandi sjóðsins en ég lít svo á að eins og málum er nú komið á Íslandi sé samstarf við sjóðinn eina leið okkar Íslendinga út úr gjaldeyris- og bankakreppunni.

Hvers vegna er það leiðin?

Vegna þess að stuðningur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var bókstaflega forsenda þess að við gætum leitað eftir stuðningi annarra þjóða, svo sem frændþjóða okkar á Norðurlöndum. Þetta hefur m.a. komið afar skýrt fram af hálfu norskra stjórnvalda og þess vegna er sá málflutningur í besta falli furðulegur að við hefðum átt val um að hafna samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn en velja í staðinn stuðning frændþjóða okkar á Norðurlöndunum. Það var einfaldlega ekki í boði, samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er lykillinn að frekari stuðningi einstakra ríkja, því sjóðurinn tekur að sér að leggja faglegt mat á efnahagslega stöðu okkar, horfur í þjóðarbúskapnum og vaxtarmöguleika og á grundvelli þess mats koma önnur ríki til skjalanna.

Staðreyndin er einfaldlega sú að lánveitingar allra ríkja, jafnt næstu vinaþjóða sem fjarlægari ríkja, virðast háðar því að utanaðkomandi alþjóðlegur aðili leggi mat á stöðu okkar og gefi trúverðugri áætlun um viðreisn fjármálakerfis og gjaldeyrisviðskipta n.k. heilbrigðisvottorð. Yfirlýsing framkvæmdastjóra sjóðsins strax á föstudag um stuðning sjóðsins við Ísland var mjög mikilvæg. Bein samtöl okkar við ráðherra sterkustu ríkjanna innan IMF hafa staðfest mikilvægan stuðning og á næstu dögum munum við ræða við fleiri ríki. Lánsfé sem áður var ófánlegt verður vonandi fánlegt, hin nauðsynlega viðspyrna fengin.

Viðspyrnan verður að skila fjölskyldum og fyrirtækjum eðlilegra umhverfi og andrými til að endurskipuleggja, bregðast við og horfa til framtíðar.

Það verður að fá krónuna til að virka á ný gagnvart veröldinni, gjaldeyrismarkaðurinn – hin mikilvæga vél nútíma efnahagslífs - verður að snúast þó það hafi orðið að beita startköplum til að koma henni í gang og gangurinn í vélinni verði ójafn fyrst í stað. Vaxtahækkunin frá í gær var erfið en henni er ætlað að styðja við krónuna og sporna gegn verðbólgu. Fátt er mikilvæga fyrir fjölskyldurnar í landinu sem eru með 75% af skuldum sínum í verðtryggðum lánum og 15% í gengistryggðum lánum en veik króna og mikil verðbólga er mikill skaðvaldur við slíkar aðstæður.

Verkefnið framundan er bæði brýnt og margslungið en í stuttu máli má skipta því í fernt: Í fyrsta lagi aðgerðir til að bæta hag heimilanna, í öðru lagi aðgerðir til að styrkja stöðu fyrirtækja og forða þeim frá gjaldþrota, í þriðja lagi aðgerðir sem lúta að því að skapa hér skilyrði fyrir heilbriggt samfélag í framtíðinni, og loks aðgerðir sem lúta að því að gera upp með heiðarlegum hætti þá atburði sem leiddu til kollsteypu íslenska fjármálakerfisins. Eitt brýnasta verkefni næstu daga er að hrinda í framkvæmd markvissum aðgerðum í þágu heimilanna í landinu. Leita þarf allra leiða til að draga úr gjaldþrotum einstaklinga og fyrirtækja en jafnframt að rýmka ákvæði í gjaldþrotalögum, til að þeir sem verða gjaldþrota komist sem allra fyrst á réttan kjöl á ný.

Við þurfum að grípa til sérstakra aðgerða í húsnæðismálum, bjóða upp á greiðsluáðlögun húsnæðislána sem gefa því fólki sem á þarf að halda aukið svigrúm í formi léttari greiðslubyrði meðan það er að ráða fram úr sínum málum.

Við þurfum að leita eftir samstarfi við Íbúðalánasjóð og sveitarfélögin til að fjölga leiguíbúðum og gefa þeim sem horfa fram á að missa húsnæði sitt kost á að leigja húsnæðið með það fyrir augum að eignast það á ný þegar hagrinn vænkast.

Nauðsynlegt er að grípa til skjótra úrræða til að draga úr atvinnuleysi, skapa ný störf og bæta framtíðarmöguleika þeirra sem missa vinnuna, með úrræðum á sviði endurmenntunar og starfsþjálfunar.

Þar er mikilvægt að við leitum nýrra lausna og vil ég nefna í því sambandi hugmyndir sem nú er verið að útfæra í iðnaðarráðuneytinu.

Þar kemur til álitu að Atvinnuleysistryggingasjóður taki upp samstarf við Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja um að skapa hundrað ný störf í sprotafyrirtækjum fyrir fólk sem misst hefur vinnuna. (Sömuleiðis hefur komið fram hugmynd um sérstakt frumkvöðlasetur fyrir fyrrum starfsmenn í fjármálafyrirtækjum, í samvinnu Nýsköpunarmiðstöðvar og Landsbankans.)

Við þurfum að bjóða þeim sem missa vinnuna endurmenntun við hæfi sem gerir þessa einstaklinga að eftirsóttum starfskröftum í framtíðinni. Þar gegna háskólarnir lykilhlutverki og er mikilvægt að boðið verði upp á ný hagnýt námskeið fyrir atvinnulausa á allra næstu mánuðum.

Jafnframt því að grípa til aðgerða sem bæta hag heimilanna þurfum við að beina sjónum okkar að umhverfi fyrirtækjanna í landinu og þar er forgangsmál að tryggja gjaldeyrisviðskipti til og frá landinu.

En fleira þarf að koma til. Mörg góð en skuldsett fyrirtæki munu ramba á barmi gjaldþrots ef ekkert verður að gert. Þessi fyrirtæki, sem mörg hver eru með skuldir í erlendri mynt, hafa orðið fyrir þungum búsisfjum að undanfögnu vegna gengisfalls krónunnar og hruns verðbréfamarkaðar. Ríkisvaldið þarf að skoða hvort hægt sé að beita niðurfærslu skulda hjá slíkum fyrirtækjum í því skyni að koma í veg fyrir frekari uppsagnir, atvinnuleysi og tekjumissi hjá heimilunum í landinu.

Í því skyni verður hins vegar að gæta þess að fylgt verði almennum og gegnsæjum reglum sem byggja á jafnræði og sanngirni. Þar getum við ýmislegt lært af frændum okkar Svíum og Finnum sem fóru í gegnum fjármálakreppur fyrir nokkrum árum.

Við þurfum að taka atvinnustefnuna til endurmats í ljósi breyttra aðstæðna og þar er mikilvægt að við Íslendingar nýtum sérstöðu okkar á sviði endurnýjanlegra orkuauðlinda til að skapa hér ný atvinnutækifæri sem sameina verðmætasköpun og virðingu fyrir umhverfinu. Vistvænn iðnaður, sem byggir á hreinni orku er mikilvægt sóknarfæri okkar Íslendinga og við eigum að leggja aukna áherslu á markaðssetningu sem laðar að erlenda fjárfestingu sem ekki stefnir alþjóðlegum skuldbindingum okkar á sviði loftslagsmála í tvísýnu.

Hér innanlands þurfum við sömuleiðis að leita leiða til að örva fjárfestingar í atvinnulífínu og þar fagna ég áherslum Alþýðusambands Íslands sem kallar eftir því að skapaðar verði forsendur fyrir aðkomu lífeyrissjóðanna að endurreisn atvinnulífsins með breytingum á ákvæðum um fjárfestingar lífeyrissjóðanna í lögum og samþykktum sjóðanna.

Við verðum að læra af reynslunni og það verður að vera okkar leiðarljós við uppbyggingu nýs fjármálakerfis á Íslandi. Nýtt bankakerfi þarf að byggja á gegnsæi, fagmennsku og gildum eins og góðu viðskiptasiðferði í samskiptum við einstaklinga og fyrirtæki.

Óhófleg launakjör æðstu stjórnenda verða að heyra sögunni til, sömuleiðis himinháar starfslokagreiðslur og bónusgreiðslur sem byggðar eru á skammtímagróða.

Við verðum að læra af reynslunni og þess vegna verðum við að viðurkenna að peningamálastefnan hefur gengið sér til húðar. Ný peningamálastefna á að byggja á stöðugum gjaldmiðli og faglegri yfirstjórn Seðlabanka Íslands sem nýtur trausts jafnt hér heima sem erlendis.

Samfylkingin hefur um árabíl haft þá stefnu að Ísland ætti að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Lengi vel naut þessi skoðun stuðnings minnihluta þjóðarinnar en nú hafa aðstæður breyst með þeim hætti að mikill meirihluti þjóðarinnar telur nú að Evrópusambandsaðild og upptaka evru þjóni hagsmunum okkar best til framtíðar. Í hvoru tveggja hefði falist sá varnarviðbúnaður í fjármálakreppunni sem okkur skortir nú svo sárlega. Alþýðusamband Íslands ályktaði á ársfundi sínum um liðna helgi að aðild að ESB og upptaka evru væri eina færa leiðin til að tryggja hér stöðugan gjaldmiðil til framtíðar. Mikill og vaxandi stuðningur er sömuleiðis við upptöku evru og ESB aðild í röðum atvinnurekenda. Aðilar vinnumarkaðarins hafa unnið sína heimavinnu og komist að þeirri niðurstöðu að breyttar aðstæður kalli á nýjar lausnir.

Sama verkefni bíður stjórnmalaflokkanna í landinu og ég minni á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er að finna leiðsögn um að stefnan í Evrópumálum geti tekið breytingum í samræmi við endurskoðað hagsmunamat.

Framundan er erfiður vetur fyrir landsmenn alla og við þurfum öll að taka á okkur auknar byrðar. Ríkissjóður þarf að bera aukna skuldabyrði vegna lána til að efla gjaldeyrisforðann og það kallar á aukinn sparnað í ríkisbúskapnum.

Ljóst er að draga þarf verulega úr ríkisútgjöldum en þá er mikilvægt að við stöndum vörð um hag heimilanna í landinu og hlúum að þeim sviðum samfélagsins sem geta gert okkur kleift að snúa vörn í sókn innan fárra ára.

Þar þarf sérstaklega að huga að menntakerfinu og í því sambandi er mikilvægt að ríkisvaldið taki til sérstakrar skoðunar hvernig koma megi til móts við námsmenn og ungt fólk sem hefur nýlokið námi. Þar þarf m.a. að kanna hvernig hægt sé að létta endurgreiðslubyrði námslána

sem og möguleika á að greiða námslán út í samræmi við framvindu náms en ekki eftirá eins og nú er.

Við þurfum öll að taka á okkur byrðar til að vinna okkur út úr kreppunni og þar erum við ráðamenn þjóðarinnar ekki undanskildir. Ríkisstjórnin verður að ganga á undan með góðu fordæmi og gera nauðsynlegar breytingar á eftirlaunakjörum þingmanna og ráðherra til að skapa meiri jöfnuð við lífeyriskjör annarra landsmanna.

Þetta verkefni hefur verið til umræðu milli formanna flokkanna og til meðferðar í forsætisráðuneytinu frá því í sumar og ég legg áherslu á að við hröðum þessari vinnu sem kostur er þannig að nýtt frumvarp geti orðið að lögum fyrir jól.

Þjóðin hefur orðið fyrir áfalli, það er mikil óvissa um framtíðina og almenningur kallar eftir heiðarlegu uppgjöri á þeirri atburðarás sem leiddi til bankahrunsins í upphafi þessa mánaðar. Því kalli verðum við að svara og ég tel mikilvægt að á allra næstu dögum verði tekin ákvörðun um tilhögun þeirrar úttektar.

Þar er frumskilyrði að til verksins verði kallaðir aðilar sem njóta fulls trausts og virðingar af störfum sínum.

Ég tel að hér sé farsælast að um verði að ræða nefnd sérfræðinga sem standa utan hins pólitíska sviðs og þar verði m.a. leitað til erlendra aðila sem hafa reynslu af sambærilegum verkefnum, t.d. á Norðurlöndunum.

Þjóðin á kröfu um að hreint verði gengið til þessa verks með fagmennsku og gegnsæi að leiðarljósi og þar verði ekkert dregið undan.

Herra forseti,

Við Íslendingar höfum orðið fyrir þungri ágjöf á liðnum vikum, jafnt í efnahagslegu tilliti en ekki síður hvað varðar orðstír okkar á alþjóðavettvangi. Það mun taka okkur einhvern tíma að vinna upp það sem tapast hefur.

Við þessar aðstæður eigum við þann kost helst að nýta styrk okkar sem atorkuþjóðar í einstöku landi sem er von að takast á við válynd veður og óblíða náttúru.

Við höfum unnið mörg þrekvirki á undanförunum áratugum og öldum og við munum halda því áfram. Með íslenskan galdur í farteskinu og í náinni samvinnu við alþjóðasamfélagið munum við komast í gegnum kreppuna.

Gleymum því ekki að í öllum aðstæðum felast tækifæri og þó við horfum fram á gerbreytt umhverfi eigum við sögulegt tækifæri til að skapa hér forsendur fyrir nýju og heilbrigðara samfélagi sem byggir á jöfnuði, samhjálpi og réttlæti. Það er verkefni sem getur dregið fram það besta í okkur öllum og við skulum ganga til þess full vonar og bjartsýni.